



Fjórði stjórnarfundur landsstjórnar haldinn fimmtudaginn 2.nóvember 2023 klukkan

17:00 í gegnum Zoom. Mættar voru:

Árný Elíasardóttir landsforseti, Steingerður Kristjánsdóttir 1.varaforseti, Málfríður Þórarinsdóttir 2.varaforseti, Vilborg Ása Bjarnadóttir ritari, Guðrún Edda Bentsdóttir fyrrverandi landsforseti, Eygló Björnsdóttir vefritari og Björg Eiríksdóttir gjaldkeri. Rósa Marta Guðnadóttir, meðstjórnandi tilkynnti forföll.

#### 1. Könnun

Farið yfir þær spurningar sem eru í könnuninni sem stjórnin hyggst leggja fyrir

félagskonur. Rætt um orðalag spurninga og fjölda. Umræður um uppsetningu

hennar. Konur komu með athugasemdir sem ræddar voru. Könnun samþykkt af

stjórn. Ákveðið að leggja könnun fyrir sem fyrst og að niðurstöður liggi fyrir á næsta stjórnarfundum sem verður 30. nóv.

#### 2. Umræða um fundargerð menntamálanefndar

Menntamálanefnd er tekin til starfa, Árný landsforseti kynnti hugmyndir sem komu frá nefndinni.

*Fræðslufundaröð á Teams.*

Hugmynd að vera með fræðslufundi fyrir félagskonur 1x í mánuði. Stjórnin

hefði frumkvæði að þessu. Hugmyndin rædd og stjórnin sammála því

að 1x í mánuði væri of oft. Hugmynd að hafa 1x að hausti og 1x að vori.

Einnig var rætt um það að fá konur sem fengið hafa styrki frá samtökunum, eru að ljúka námi eða taka þátt í athyglisverðum verkefnum til að vera með innlegg og

segja frá því sem þær voru að vinna í.

➤ *DKG-kaffi.*

Kaffi í Bókasamlaginu í Skipholti, 2-3 yfir veturinn. Hittast og spjalla. Við erum

á því að DKG-kaffið skili kannski ekki því sem við viljum þar sem þetta myndi útiloka að mestu þær sem búa utan höfuborgarsvæðisins. Er jafnvel

frekar eitthvað sem deildir gætu gert saman.

➤ *Ég er DKG-kona.*

Facebook kynning, látið hanna form sem allar DKG konur geta sett á sína

eigin Facebook síðu og haft í 1 mánuð. Telja að þetta kalli á forvitni. Teljum

þetta mjög góða hugmynd og henni verði vísað til félaga- og útbreiðslunefndar.

➤ *Formaður kynnir sig*

Virkja heimasíðuna og Facebook síður okkar betur. Kalla eftir kynningu með mynd frá

formönnum. Hugmynd að formönnum yrði send form sem þeir fylla inn í sem

síðan er sett á heimasíðu DKG. Mikilvægt að fylgja þessu eftir þ.e.a.s þegar

það komi nýir formenn þá þarf að setja nýjar upplýsingar á heimasíðuna, hver

sér um það? Þarf að skoða þetta betur.

➤ *Fréttir af verkum DKG kvenna.*

Vera duglegar að kalla eftir upplýsingum í tengslum við það áhugaverða sem

konur eru að gera í tengslum við menntun á sínu svæði, hvort sem það er

deildin öll eins og Epsilondeild með læsisráðstefnu eða bara konur innan

deilda. Teljum að þetta sé í höndum formanna deilda.

➤ *Að vera umsagnaraðili.*

Menntamálanefnd mun senda inn erindi til fulltrúa barna- og menntamála þar

sem óskað er eftir því að félagið verði umsagnaraðili um eitt og annað tengt

menntun. Rætt var um þetta og m.a. samráðgátt þar sem allir geti komið með

athugasemdir. Teljum að fyrsta skrefið sé að óska eftir því að fá að vera

umsagnaraðilar. Formaður menntamálanefndar og forseti landsambands sendi bréf til ráðuneytisins.

3. Framlag á jólafundi Evrópu Forum. Óskað er eftir kynningu frá hverju landi, þarf ekki

að vera langt ca. 3 mínútur. Hugmynd um að vera með kynningu um Laufabrauð.

Málfríður Þórarinsóttir og Steingerður Kristjánsdóttir eru tilbúnar til að taka það að

sér að gera þessa kynningu.

#### 4. Önnur mál:

Rætt um afmæli samtakanna. Mikilvægt er að skipa í afmælisnefnd. Allar voru sammála því að auglýsa á heimasíðunni eftir áhugasömum konum til þess að vera í nefndinni.

Fundi slitið klukkan: 18:14.

Vilborg Ása Bjarnadóttir ritari.